

Umsögn Fljótsdalshrepps um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun. Mál nr. S-99/2018

Sveitarstjórn hefur kynnt sér frumvarpið og leggur Fljótsdalshreppur fram eftirfarandi umsögn:

Um er að ræða frumvarp þar sem lagt er til að sett verði á stofn ný ríkisstofnun (Þjóðgarðastofnun) sem undir stjórn forstjóra fari með stjórnslu/umsýslu núverandi þjóðgarða og ýmsa umsýslu sem nú heyrir undir Umhverfisstofnun. Ekki er lagt mat á kostnað verði frumvarpið að lögun, né heldur skýrt hvaða áhrif lögin myndu hafa á sveitarfélög, þar sem í frumvarpsdrögunum eru ekki settar niður neinar fyrirætlanir um umdæmislinur. Ýmsum álitamálum er jafnframt ætlað að fá framgang í reglugerðum sem ekki liggja fyrir nein drög að. Sveitarstjórn leggur því til að málið verði betur undirbyggt áður en frumvarp verður lagt fram á Alþingi til afgreiðslu. Samráð og kynning til sveitarfélaga og íbúa landsins verði hluti af frekari vinnu.

En ef frumvarpið verður lagt fram í þeirri mynd sem það er nú í og stefnt að því að ný Þjóðgarðastofnun taki við núverandi þjóðgöörðum og umsýslu annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar 1. janúar 2020, vill Fljótsdalshreppur leggja áherslu á eftirfarandi:

Mikilvægt er að staðþekking og nánd við heimamenn glatist ekki með því að umdæmi verði of stór. Núverandi reksturssvæði Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs telur sveitarstjórn hæfileg mörk þessa svæðis og umdæmið verði alls ekki stærra en starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þ.e. frá Djúpavogshreppi til Vopnafjarðar.

Í svæðisráði, sem áfram verði 6 manna fyrir þetta svæði, sitji fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að núverandi mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs (Austursvæði) þ.e. 2 fulltrúar Fljótsdalshéraðs og 1 fulltrúi Fljótsdalshrepps. Komi til þess að svæðisráð fari einnig með umsýslu náttúruverndarsvæða sem liggja utan marka þeirra sveitarfélaga sem fulltrúa eiga í svæðisráði, komi fulltrúar viðkomandi sveitarfélaga inn á fundi svæðisráðs þegar fjallað er um náttúruverndar svæði innan þeirra marka og þá með tillögu- og umræðurétt. Reikna má með að umsýsla um náttúruverndarsvæðin verði minni en á þeim hluta Vatnajökulsþjóðgarðs sem liggur innan marka Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps og því er lagt til að Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur eigi ein sveitarfélaga á Austurlandi fastafulltrúa í svæðisráði. Áfram sitji í svæðisráði fulltrúar útivistar, ferðamála og umhverfissamtaka.

Ef niðurstaðan verður að umdæmið nái frá Vopnafirði til Djúpavogs og svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs verði sameinað umdæmisráði, verði umdæmisráð skipað fulltrúum allra sveitarfélaganna innan starfssvæðis SSA sem eru nú 6, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðarbyggð og Djúpvogshreppur, auk þeirra sitji í umdæmisráði 1 fulltrúi Umhverfisstofnunar, 1 fulltrúi útivistarsamtaka og 1 fulltrúi ferðamálasamtaka. Ráðið væri þá 10 manna.

Hvaða leið sem farin verður varðandi skipan svæðisráða/umdæmisráða vill Fljótsdalshreppur að lögð verði áherslu á að heimamenn skipi sæti fulltrúa, þannig er best tryggð staðþekking, þekking á aðstæðum og ekki síst er það mikilvægt til að rækja gott samband við íbúa á svæðinu. Einnig er mjög mikilvægt ekki síst vegna skipulagshlutverks sveitarfélaga að þau hafi meirihluta fulltrúa í ráðum og fari þar með formennsku.

Styrkja þarf stöðu/hlutverk svæðisráða þannig að tryggt verði að þar sé fjallað um mál er varða þeirra svæði. Í því sambandi er bent á að fullkomlega óeðlilegt var að við undirbúning og vinnslu

tilnefningar Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO var málið lítið eða ekkert á borði svæðisráða. Þá geta svæðisráð vel tekið við frekari hlutverki en þau hafa nú og axlað meiri ábyrgð .

Í frumvarpinu er fyrirmynd að stjórnkerfi sótt til stjórnkerfis Vatnajökulsþjóðgarðs. Þó nokkur reynsla er að baki með stjórnkerfið frá stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2008. Það er mat sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps að í flestu hafi þar vel tekist til og styður hún því hugmyndir að svipuðu stjórnkerfi Þjóðgarðastofnunar.

Uppbygging og öflug starfsemi starfsstöðva Þjóðgarðastofnunar með nægri mönnun er lykilatriði að því að vel takist til og fjármagn þarf að fylgja verkefnum og uppbyggingu.

Í Vatnajökulsþjóðgarði er skipulagsvald sveitarfélaga sett skör lægra en stjórnar-og verndaráætlun þjóðgarðsins hvað varðar land innan þjóðgarðs þar sem aðliggjandi sveitarfélögum er gert að aðlaga aðalskipulög sín að stjórnar –og verndaráætlun. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur að breyta eigi því fyrirkomulagi til fyrra horfs og í þjóðgörðum og öðru landi innan sveitarfélagsmarka sé skipulagsaðkoma og vald viðkomandi sveitarfélags skýrt . Þegar settar eru niður stjórnar-og verndaráætlanir beri þeim að taka mið af aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags , en ekki öfugt óviðunandi er að skipulagsvald sveitarfélaga sé skert með þeim hætti sem gert var.

Að endingu vill sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsa þeirri skoðun sinni að verði af stofnun Þjóðgarðastofnunar eigi að hún verða landsbyggðarstofnun , með höfuðstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins , vel megi t.d. líta til þess að Skógræktin er með sínar höfuðstöðvar á Egilsstöðum en nokkrar starfsstöðvar vítt og breytt um landið, getur sú stofnun verið gott fordæmi fyrir nýja ríkisstofnun.